

REGLUGERÐ

um heimilis- og öldrunarþjónustu í Ölfushreppi.

1. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps í umboði hreppsnefndar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Ölfushreppi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum sveitarstjóra eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem starfsmaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem starfsmaður metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
4. Önnur tilfelli sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisaðstoð.

4. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem ekkert hafa til framfæris, nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu greiða ekkert fyrir veitta heimilisþjónustu. Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur skulu þeir endurgreiða að $\frac{1}{3}$ hluta útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð. Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálp að fullu. Heimilt er hreppsnefnd að víkja frá ákvæðum þessarar greinar til lækkunar ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

6. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir hreppsnefnd ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur heimilisþjónustunnar.

Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 frá 10. apríl 1974 um breytingar á þeim lögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.